

Minnisblað starfsmanna (innra vinnuskjal)

Móttakandi: Fræðslunefnd Mosfellsbæjar

Varðandi: Mosfellsbær

Nr. erindis 201609256/-

Dags.: 16.09.2016

Málefni: Minnisblað starfsmanna sviðs

Afrit:

Í leik- og grunnskólum Mosfellsbæjar hefur útinám í einhverri mynd verið stundað samhliða öðru hefðbundnara skólastarfi. Fræðslu- og frístundasvið Mosfellsbæjar ákvað að kanna hvernig útinámi og útikennslu væri háttað í skólum bæjarins. Markmiðið með könnuninni væri að fá vitneskju um það útinám sem þegar er í gangi ásamt því að kanna hvar útinám væri stundað.

Gerð var könnun í leik- og grunnskólum Mosfellsbæjar með samræmdum spurningalista um útinámið, skoðuð aðstaða skólanna og þau úrræði sem viðkomandi skóli nýtir til útikennslu. Könnunin var framkvæmd í apríl og maí 2016 með heimsóknum í skólana og rætt var við útikennslukennara og skólastjórnendur.

Fræðslu- og frístundasvið fékk Ævar Aðalsteinsson, tómstunda- og félagsmálafræðing, til að gera könnunina, ásamt því að skrifa stutta skýrslu um niðurstöðurnar.

Virðingarfyllt

Magnea Steinunn Ingimundardóttir

verkefnastjóri fræðslu- og frístundasviðs